

# Fundargerð 405. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, mánudaginn 27. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason og Lúðvík Geirsson. Í símasambandi voru Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Í byrjun fundar óskaði formaður Vali Rafni til hamingju með brúðkaup sitt þann 28. júlí og afhenti honum gjöf frá stjórnarmönnum í tilefni þess.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerð 403. fundar stjórnar sem haldinn var 23. apríl 2018 sem og fundargerð 404. fundar sem haldinn var 28. maí sl.

*Fundargerðirnar samþykktar og staðfestar með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga - óskað umsagnar - 1807001HA

Lögð fram drög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

*Guðmundi og Gísla Hallssyni falið að rýna skjalið og koma með athugasemdir til stjórnar.*

### 3. Gjöld af fiskeldi - 1808001HA

Lagt fram fram til kynningar drög að bréfi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um gjöld af fiskeldi sem formanni var falið að útbúa á 403. fundi stjórnar hafnasambandsins.

*Samþykkt að senda bréfið á ráðuneytið eftir lagfæringar í samræmi við umræður á fundinum.*

### 4. Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um stjórn fiskveiða og lögum um Fiskistofu - 1808002HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins um breytinga á lögum nr. 57 frá 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um stjórn fiskveiða og lögum um Fiskistofu, dags. 30. júlí 2018.

**5. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA**

Lögð fram dagskrá hafnasambandsþings sem haldið verður 25.-26. október nk. sem og dagskrá málþings sem haldið verður 24. október.

*Dagskráin samþykkt og ákveðið að senda hana á aðildarhafnir og boða formlega til þingsins. Önnur fundargögn verða send á aðildarhafnir um leið og þau eru tilbúin eða í seinasta lagi 2 vikum fyrir þingið.*

**6. Samráðshópur um framtíðarskipun regluverks um uppboðsmarkaði sjávarafla - óskað tilnefningar - 1805004HA**

Gert var grein fyrir vinnu í samráðshópi á lögum um fiskmarkaði.

Fundi var slitið kl. 12:10

---

Gísli Gíslason

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Sigrún Árnadóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Valur Rafn Halldórsson